

Kvikmyndin **Prestir** eftir Rúnar Rúnarsson tilnefnd til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár

Hér með er tilkynnt um kvikmyndirnar fimm sem eru tilnefndar til hinna eftirsóttu Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs, sem að þessu sinni verða afhent 1. nóvember í Kaupmannahöfn. Allar eru kvikmyndirnar sem tilnefndar eru framúrskarandi í alþjóðlegu samhengi og hafa unnið til verðlauna á kvikmyndahátíðum um allan heim.

Á síðasta ári bar myndin *Fúsi*, eftir Dag Kára, sigur úr býtum eins og flestir muna, en þess má geta að sigurvegari Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs hlýtur að launum 350.000 danskar krónur, eða um 6 milljónir íslenskra króna. Verðlaunamyndin þarf að vera runnin undan rifjum Norrænnar menningar og af miklum listrænum gæðum. Hún á einnig að vera framúrskarandi hvað varðar listrænan frumleika og flétta saman á fágðan máta undirstöðuatriðum kvikmyndalistarinnar svo úr verði sannfærandi heild. Að mati dómnefnda hafa þær fimm myndir sem tilnefndar eru að þessu sinni til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs einmitt þessa kosti til að bera, en myndirnar fimm eru:

Under Sandet (Land of Mine) (Danmörk): *Leikstjóri og handritshöfundur* Martin Zandvliet og *framleiðandi* Mikael Rieks.

Hymylievä mies (The Happiest Day in the Life of Olli Maki) (Finnland): *Leikstjóri* Juho Kuosmanen, *handritshöfundar* Mikko Myllylahti og Juho Kuosmanen og *framleiðandi* Jussi Rantamäki.

Prestir (Ísland): *Leikstjóri og handritshöfundur* Rúnar Rúnarsson og *framleiðandi* Mikkel Jersin.

Louder Than Bombs (Noregur): *Leikstjóri* Joachim Trier, *handritshöfundar* Eskil Vogt og Joachim Trier og *framleiðandi* Thomas Robsahm

Eferskalv (Framhaldslíf) (Svíþjóð): *Leikstjóri og handritshöfundur* Magnus von Horn og *framleiðandi* Madeleine Ekman.

Íslenska dómnefndin

Í íslensku dómnefndinni sátu Hilmar Oddsson, Börkur Gunnarsson og Helga Þórey Jónsdóttir. Þau segja að finna megí ýmis stef í þröstum sem jafnan einkenna þroskasögur, einkum hvað snertir samband föður og sonar frá sjónarhorni hins afskipta barns. Leikstjórinn hefur þróað áberandi persónulegan stíl sem byggir á hárfínunum athugunum á hefðbundinni íslenskri menningu og fagurfræði og samspili þessara þátta við nútímahugsunarhátt. Í þröstum eru þessi stef undirstrikuð af því sálarstríði sem hlýst af því að hin gamla og nýja tilvera Ara mætast, svo og hefðbundnum gildum sem líða undir lok og þeim erfiðu málamiðlunum sem fylgja því að fullorðnast.

Verðlaunin verða veitt í Kaupmannahöfn í ár

Verðlaunahafinn 2016 verður tilkynntur í Kaupmannahöfn 1. nóvember við hátíðlega athöfn Norðurlandaráðsþingsins. Eins og fram hefur komið hlaut kvikmyndin *Fúsi* verðlaunin í fyrra. Árið áður vann *Hross í oss* eftir Benedikt Erlingsson. Fyrri ár unnu myndirnar *Jagten* (2013), *Play* (2012), *Beyond* (2011), *Submarino* (2010), *Antichrist* (2009), *You, The Living* (2008), *The Art of Crying* (2007), *Zozo* (2006), *Manslaughter* (2005) og *The Man Without A Past* (2002).

Kvikmyndaviðburður í Háskólabíói

Í tengslum við kvikmyndaverðlaunin stendur Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn fyrir norrænum kvikmyndahátíðum í nokkrum norrænum borgum í samstarfi við dreifingaraðila og kvikmyndahús á Norðurlöndum.

Hér á Íslandi verða allar fimm tilnefndu myndirnar sýndar í Háskólabíói dagana 14. - 18. september.

Hér má lesa frekar um Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs og horfa á stiklur úr kvikmyndunum sem eru tilnefndar:

www.nordiccouncilfilmprize.com

www.nordiskfilmogtvfond.com

www.norden.org

<https://www.facebook.com/nordiccouncilfilmprize>

Tengiliður fjölmiðla:

Ísleifur B. Þórhallsson, Háskólabíó, sími 591-5100 / isi@sena.is